

Minnisblað



Landgræðslan
Síðan 1907

27. júní 2023

Viðtakandi: Reynir Óli Þorsteinsson, Vegagerðin

Sendandi: Gústav M. Ásbjörnsson, Sunna Áskelsdóttir, Kristín Svavarsdóttir og Elín Fjóla Þórarinsdóttir, Landgræðslan

Efni: Tillögur að svæðum til mótvægisáðgerða vegna vegagerðar í Reykhólahreppi

Unnið er skv. verksamningi dags. 27. mars 2023 um ráðgjöf vegna endurheimtar votlendis í stað þess sem raskast vegna vegagerðar í Reykhólahreppi. Ráðgjöfin felst m.a. stöðumati og tillögum að svæðum en um þá þætti er fjallað í þessu minnisblaði.

Stöðumat

Landgræðslan hefur yfirfarið gögn um rask á votlendi vegna lagningu vegar í Gufudalssveit í þeim tilgangi að fá yfirsýn yfir rask vegna vegalagningarinnar og heildaráhrif á votlendi. Til grundvallar voru lögð gögn frá Vegagerðinni um staðsetningu vegar og veghelgunarsvæði, gögn um vistgerðir innan veghelgunarsvæða frá Náttúrustofu Vestfjarða og gögn um vistgerðir frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Rask vegna veglagningar og síðar vegar um svæðið getur verið:

- bein áhrif vegna framkvæmdar s.s. rask á jarðvegi og gróðri og breytingar á vatnshag umhverfis
- óbein áhrif vegna umferðar, s.s. ryk, fræ og önnur atriði sem hafa áhrif á jarðveg, vatnsgæði, gróðurfar og búsvæði

Samkvæmt lögum um náttúruvernd (60/2013, 61 gr.) njóta hverskonar votlendi yfir 2 ha að stærð sérstakrar verndar. Því voru öll votlendisvæði sem eru að hluta til eða öllu leiti innan veghelgunarsvæðis afmörkuð (kort 1). Samkvæmt því eru 16,6 hektarar votlendis meira en 2 hektarar að stærð (kort 2) og verða að hluta til eða að öllu leiti fyrir áhrifum vegna vegagerðar. Önnur votlendi sem verða að hluta eða öllu leiti fyrir áhrifum vegna vegagerðarinnar eru alls 22,1 hektari (tafla 1).

Landgræðan telur því að framkvæmdin raski alls allt að 38,7 hektara stóru votlendi sem skiptast skv. töflu 1 og sjá má nánar á kortum 1 og 2.

Tafla 1. Samantekt á stærðum votlendis sem verður fyrir raski við vegalagningu í Gufudalssveit


Votlendi sem verður fyrir raski	Stærð (ha)
< 2 ha að stærð	22,1
> 2 ha að stærð	16,6
Samtals	38,7

Samkvæmt stöðlum alþjóðlegu vistheimtarsamtakanna (Society for Ecological Restoration, www.ser.org) um endurheimt votlendis er lögð áhersla á gildi náttúrulegra vistkerfa er alltaf meira en endurheimtra (virkni og líffræðileg fjölbreytni ásamt búsvæðum lífvera). Óvíst er að við endurheimt náist fullur bati vistkerfis og í öllum tilfellum tekur það mjög langan tíma. Til þess að tryggja að mótvægisaðgerðir séu nægjanlegar leggur Landgræðslan því til að endurheimt verði meira flatarmál votlendis en sem tapast vegna vegagerðar í Reykhólahreppi.

Við val á svæðum til endurheimtar sem mótvægisaðgerð er nauðsynlegt að mótvægissvæðin taki eins og kostur er mið af eiginleikum þeirra svæða sem raskast og þannig að endurheimtin sé líkleg til að ná fram líkri virkni, líffræðilegri fjölbreytni og vera búsvæði sömu lífvera og tapast við framkvæmdina. Yfirlit yfir svæðin sem raskast má sjá á korti 1.



Kort 1. Yfirlit yfir votlendissvæði sem raskast vegna vegaframkvæmda, bæði innan og utan veghelgunarsvæða.



Kort 2. Samfelld votlendissvæði, meira en 2 hektarar að stærð og önnur svæði sem raskast vegna vegaframkvæmda.

Tillögur að svæðum

Landgræðslan leggur til að haft verði samband við eigendur jarðanna Kerlingafjarðar, Fjörður, Deildarár, Hamars, Ingunnarstaða og Skálmarnesmúla: <https://map.is/base/@324284,564207,z6,0>. Á þessum jörðum er töluvert af röskuðu votlendi, alls áætlað um 100 hektarar. Miðað við eiginleika svæðanna; fjarlægð frá frjósamri standlengju, nálægð við þau svæði sem raskast og sambærilegan halla og legu í landi eru auknar líkur á að takist að endurheimta sambærilega virkni og eiginleika sem tapast við veglagninguna.

Ef eigendur jarðanna eru samþykkir því að ráðstafa landi til endurheimtar votlendis og heildarstærð svæðanna yrði meiri en nemur því sem þarf að endurheimta sem hluta mótvægisáðgerða er Landgræðslan tilbúin að afla fleiri samstarfsaðila svo hægt verði að ljúka endurheimt alls raskaðs votlendis á svæðinu. Ávinningur af heildstæðri áðgerð yrði út frá endurheimt vistkerfa óumdeilanlegur og rós í hnappagat þeirra sem stæðu að verkefninu.